


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	LISA1HN05 Námsáætlun Vor 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Arna G. Valsdóttir – arna@vma.is Viðtals tími: Mánudagur 10:40 – 11:20 Kennarastofa listnámsbrautar	Sk.st.	AVA
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnir nemandinn sér forsendur sjónlista og helstu stílbrigði í listasögu frá öndverðu og fram á 19. öld í samhengi við evrópska sögu og tengsl listarinnar við þjóðfélagið á hverjum tíma. Markmið áfangans er meðal annars að nemandinn geri sér grein fyrir eðli þeirra þátta sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum tíðina. Farið er í gegnum helstu þætti listasögunnar í tengslum við tíðaranda og tækniframfarir hvers tímabils og munu nemendur nýta sér fjölbreytta miðla við upplýsingaleit og þekkingaröflun og nýta sér tölvutækni og nýmiðla við framsetningu verkefna sem unnin eru á önninni. Nauðsynlegt er að nemandinn sé virkur, sjálfstæður og skapandi í þekkingarleit sinni, framsetningu og kynningu á verkefnum sínum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu stíleinknum og stefnum í listasögu frá hellamálverkum til og með nýklassískum stíl og helstu hugtökum sem tengjast þeim
- menningarlegri og hugarfarslegri þróun og margbreytileika í mannlegu samfélagi
- því hvernig listasagan er nátengd samfélagslegum veruleika og tækniframförum á hverjum stað á hverjum tíma
- samfélagslegu, menningarlegu og efnahagslegu gildi listsköpunar
- tengslum heimspeki og myndlistar

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita sjálfstæðum vinnubrögðum og tileinka sér gagnrýna hugsun
- nota fagbókmenntir, tímarit, veraldarvefinn og fjölmiðla í upplýsingaöflun og gangasöfnum
- vinna á sjálfstæðan og skapandi hátt undir leiðsögn kennara að afmörkuðum verkefnum
- nota hugtök sem tengjast faginu til að tjá skoðanir sínar og rökstyðja þær
- nota mismunandi miðlunarleiðir í framsetningu verkefna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera grein fyrir niðurstöðum verkefna sinna á fjölbreyttan, áhugaverðan og gagnrýninn hátt
- bera saman, finna tengsl og draga ályktanir af listasögunni og þróun hennar og hvaða áhrif listsköpun hefur á samfélag á hverjum tíma
- sýna sjálfstæði við útfærslu verkefna, einn og í hópavinnu undir leiðsögn kennara
- setja listasöguna í menningarlegt og félagslegt samhengi og geri sér grein fyrir hvaða áhrif staðhættir, náttúruauðlindir, tækniframfarir og stjórnanarfar hafa á listræna sköpun/myndlist
- taka þátt í samvinnu með umburðarlyndi og virðingu fyrir öðrum að leiðarljósi
- ræða um verkefni sín við aðra með almennri ígrundun og samanburði

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	LISA1HN05	
	Námsáætlun Vor 2017	

Námsgögn:

Frá Hellamalverkum til Endurreisnar - Ingunn Þóra Magnúsdóttir

Saga Listarinnar - E.H.Gombrich, **Heimslíst-Heimalist** – R. Broby Johansen.

Ýmsar bækur um einstaka listamenn og stíla, ljósrit fra kennara og ýmis myndbönd.

Námsefni á Moodle: LISA1HN05 - Myndlístarsaga - Arna Valsd.

Áætlun um yfirferð:

Námsefninu er skipt í sjö lotur sem spanna alþjóðlega listasögu frá forsögulegum tíma til Nýklassíkur. Nemandi vinnur ferilbók (persónulega listasögubók) þar sem hann skráir alla vinnu sína í áfanganum í máli og myndum. Bókin verður tekin til yfirferðar þar sem hann sýnir sinnar sinnar vinnu yfir önnina. Áhersla er lögð á rannsóknarvinnu og virka þáttöku nemanda í henni. Unnin eru verkleg og skrifleg ímaverkefni, gagnvirkar æfingar, rannsóknarverkefni, tímapróf, myndapróf og mikið lagt upp úr leitarnámi og virkri skapandi hugsun við þekkingaröflunina.



- Lotur áfangans eru:
1. Lota - Forsögulegur tími og fornar menningarþjóðir
 2. Lota - Klassíska fornöldin
 3. Lota - Miðaldir og Rómanskur stíll
 4. Lota - Gotneskur stíll
 5. Lota - Endurreisnarstíll
 6. Lota - Barokk og Rókokó
 7. Lota – Nýklassískur stíll

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Hópverkefni	Ritunarverkefni um fornar menningarþjóðir	10%	
Moodle æfingar x 5	Gagnvirkar æfingar á Moodle	5%	
Tímaverkefni x 10	Verklegar æfingar og leitarnám	10%	
Ferilbók	Heildarframsetning námsferils annarinnar metinn	20%	
Tímapróf	Lagt fyrir undir lok áfanga	10%	
Myndapróf	Heimapróf lagt fyrir á seinni hluta annar	10%	
Lokaverkefni/rannsókn	Nemendur velja sér viðfangsefni og setja niðurstöður sínar fram í listrænu formi og í skýrslu	20%	
Sjálfsmat	Nemandi metur framlag sitt í áfanganum. Skýrsla 1 x A4.	10%	
Virgni og ástundun	Heildar ástundun og virkni í áfanga metin	5%	
	Samtals:	100%	
Annað: Kennari áskilur sér réttindi til breytinga			


Símar eru leyfðir til náms en ekki annars.

Verkefni skulu sótt þann 18.maí á milli 10.00 og 13.00. Opið hús er þann 4.maí.

05-01-2017

Dagsetning:


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgerðs